


1. Saltfiskstöflun, lágmynd, steinsteypa (LSÓ 1034). Frum-myndin var gerð á síðasta námsári Sigurjóns við Listaakademiuna í Kaupmannahöfn (1934-35). Myndin ber vott um mikla hæfileika hans og kjark að ráðast í svo stórsniðið verk og nýstárlegt, bæði að formi, efni og stíl. Hér gerir Sigurjón einstaka tilraun til að samhæfa eitt elsta form höggmyndalistarinnar, lágmyndina, móðernískan stíl og þjóðfélagslegt myndefni. Myndina mótaði hann í fullri stærð, fjögurra metra háa, fyrst í leir og steypiti síðan sjálfur í gífs.

LÁGMYND er í eðli sínu mynd sem greypt er inn í veggflöt byggingar. Sigurjón hafði vonast til að finna vegg fyrir myndina á framhlið hins nýja húss Fiskifélags Íslands á horni Ingólfsstrætis og Skúlagötu, teiknað af Guðjóni Samúelssyni, eða í nýja Sjómannaskólanum. Svo fór þó ekki, en íslenska ríkið keypti myndina árið 1945 og ári síðar var myndin steypu undir umsjón Sigurjóns. Hún var þó ekki reist fyrr en 1953. Myndin fékk aldrei þann stað sem henni bar og liggur undir skemmdum þar sem hún stendur ein og sér á melnum fyrir sunnan Sjómannaskólann í Reykjavík.

Ljósmynd: Skarphéðinn Haraldsson.

2. Fótboltamenn (LSÓ 1374). Snemma á tuttugustu öld gerðu margir evrópskir listamenn íþróttir og íþróttamenn að viðfangsefni sínu. Fyrsta íþróttamynd Sigurjóns var lítil mynd kölluð Glíma frá 1933-34 (LSÓ 002). Sigurjón var áhugamaður um knattspyrnu og sótti viðfangsefni þangað eins og margir danskir listamenn gerðu á þessum árum. Verkið *Fótboltamenn* frá 1936 (LSÓ 247) er eitt af grundvallarverkum Sigurjóns. Myndin byggir á einum þyngdarpunkti sem myndar spennu við þanda ávala útlími líkamans. Sterk áhrif frá franska listamaninum Jean Arp birtast í sívalri mjúkri formgerðinni. Eigandi: Akranesbær. Ljósmynd: Ágústa Friðriksdóttir

3. Börn að leik. Árið 1937 var efnt til samkeppni um minnismerki um skáldið H. C. Andersen í Kaupmannahöfn. Flemming Teisen arkitekt, málarinn Egon Mathiesen og Sigurjón Ólafsson skiluðu sameiginlegri tillögu að Húsi barnanna sem þeir hugðu staðsett í norðvestur horni Tívoligarðsins. Yfir aðalinngang hússins átti að setja upp bronsmyndir Sigurjóns af börnum að leik. Myndirnar voru unnar sem hringsærir skúlptúrar, festir með teinum í vegginn er mynduðu þannig skuggaspil á veggfletinum. Tillagan hlaut fyrstu verðlaun en húsið var aldrei reist. Frummyndin er illa farin, en Sigurjón útfærði hluta



hennar ári síðar í *Börn að leik* (LSÓ 206). Tveimur áratugum síðar notaði Sigurjón hugmyndina í rismynd sem hann gerði fyrir Landsbanka Íslands við Laugaveg 77 í Reykjavík og nefndi *Allir í leik* (LSÓ 1171). Bronsafsteypur af verkinu voru settar upp í útibúi bankans að Lágmúla 9 árið 1976 (LSÓ 1368). Ljósmynd: Guðmundur Ingólfsson.



4. Landbúnaður og handið. Verslun og iðnaður. Höggmyndir úr granít. Ráðhústorgið í Vejle í Danmörku (LSÓ 1062 og 1063). Árið 1942 var Sigurjóni Ólafssyni falið það vandasama verkefni að gera tvær stórar höggmyndir fyrir ráðhústorgið í Vejle á Jótlandi. Myndirnar skyldu túlka efnahagslegar forsendur bæjarlífsins; landbúnað, handið, iðnað og verslun.

SIGURJÓN VAR Í HÓPI EFNILEGUSTU MYNDHÖGGVARA af yngri kynslóð í Danmörku og því eðlilegt að honum væri boðið svo stórt verk. Listgagnrýnendur lofuðu verk hans, hann hafði fengið ýmsar opinberar viðurkenningar, eins og hin virtu Eckersbergverðlaun árið 1939, og Statens Museum for Kunst hafði keypt verk eftir hann. Þetta var í fyrsta sinn sem Sigurjón tók að sér stórt opinbert verkefni þar sem hann varð að taka tillit til staðsetningar, eldri bygginga og óska bæjarstjórnarinnar. Hann hjó myndirnar beint í stórar granítblakkir, en veturinn 1935-36 hafði hann byrjað að höggva í stein og náð fljótt góðu valdi á þeirri aðferð. Formin í Vejle-myndunum eru einföld, kraftmikil og jarðbundin og skirskota til rómanskrar kirkjulistar. Frumleiki myndanna fór hins vegar fyrir brjóstið á bæjarstjórninni sem talaði jafnvel um að sökkva þeim í höfnina, en eftir margra ára þóf voru myndirnar loks reistar "til reynslu" á fyrirhuguðum stað árið 1955.

Ljósmyndir: Thomas og Poul Pedersen, Kurt Hardi, Kunstakademiet - Fotosamlingen.

5. Séra Friðrik Friðriksson stofnandi KFUM, 1952. Brons (LSÓ 1120). Eftir heimkomuna frá Danmörku árið 1945 tók Sigurjón að sér að gera höfuð- og standmyndir bæði fyrir opinbera aðila og einstaklinga, en hann hafði öðlast góða reynslu af því í Danmörku. Á sýningu sem Sigurjón hélt í Listvinasalnum 1952 var meðal annars höfuðmynd af vini Sigurjóns, séra Friðriki Friðrikssyni. Þar kviknaði sú hugmynd meðal KFUM félaga að fá Sigurjón til að gera veglega standmynd í brons af stofnanda hreyfingarinnar.





HÉR SEM FYRR byggir Sigurjón á fornum myndhefðum, að þessu sinni með tilvísun í egypska höggmyndalist, er hann brýtur upp framsæi og kyrrstæðu myndarinnar með því að stilla drengnum skáhallt á aðra hönd og færa hægri fót Friðriks fram fyrir stall myndarinnar, eins og hinn aldri kennimaður hafi rétt tyllt sér niður á stól til að hvíla lúin bein, en sé í þann mund að rísa á fætur. Yfir myndinni hvílir ró; vitnisburður um þá persónulegu nálægð og hlýju sem einkenndi samband listamannsins við séra Friðrik. Myndin var reist árið 1955 við Lækjargötu norðan Amtmannsstígs. Ljósmynd: Guðmundur Ingólfsson.

6. Héðinn Valdimarsson (LSÓ 1126). Árið 1952-55 vann Sigurjón tvær almyndir sem báðar hafa þá sérstöðu að þær voru pantaðar og kostaðar af áhugamannahópum og samtökum. Til að spara flutningskostnað á verkunum, sem átti að steypa í brons í Kaupmannahöfn, vann Sigurjón báðar myndirnar samtímis þar ytra sumarið 1952 og fékk til þess inni í Listakademíunni við Charlottenborg.

HÉÐINN VALDIMARSSON VERKALÝÐSLEIÐTOGI (1892-1948) átti frumkvæðið að byggingu verkamannabústaðanna við Hringbraut í Reykjavík og því vel við hæfi að myndinni væri fundinn staður þar. Ekki hefur þó tekist vel til með uppsetningu hennar, því myndin átti að standa á mun hærri stelli en hún gerir. Hlutföll myndarinnar eru þannig að hún nýtur sín ekki til fulls nema horft sé á hana úr nokkurri fjarlægð og frá lágu sjónarhorni. „Sotto in su“ heitir þessi sjónblekking þekkt úr listasögunni og var beitt þegar reistar voru styttnar af skörungum og valdamönnum á torgum eða opnum svæðum. Ljósmynd: Guðmundur Ingólfsson.



7. Allir í leik, 1954. Fjórar lágmyndir höggnar í grástein (LSÓ 1128). Börn að leik var eitt af þeim myndefnum sem Sigurjón kom að aftur og aftur á ferli sínum. Myndin er höggvin grunnt beint í stóran réttihyrndan granítklump og vísar aðferðin til norræna höggmynda frá víkingatímanum. Formin eru neikvæðir sléttir fletir sem hefur verið eins og þrykkt ofan í harðan steininn. Myndin sýnir vel hversu Sigurjón var næmur fyrir yfirborðinu og mjög upptekinn af snertingunni við efnið, áferð þess og hvernig það tók við ljósi. Kópavogskaupstaður keypti myndina árið 1965 og var hún reist á Rútstúni tveimur árum síðar. Ljósmynd: Hermann Schlenker.



8. Sandblásin glerskreyting í Landsbanka Íslands á Selfossi, 1954 (LSÓ 1129). Árið 1948 vann Sigurjón rómantískar sveitalífsmyndir úr koparvír fyrir Búnaðarbanka Íslands við Austurstræti í Reykjavík (LSÓ 1097). Í glerskreytingunni í Landsbankanum á Selfossi þróaði hann þetta myndefni áfram. Tækni til sandblásturs í gler barst til landsins um þetta leyti og Sigurjón sá nýja möguleika í þessu efni. Myndirnar eru settar fram á einfaldan táknrænan hátt og túlka upphafna hugsýn um fullkomið samræmi mannlífs, náttúru og iðnaðar. Ljósmyndir: Sigurður Guðmundsson.

9. Undervejs til min elskede (Litlabeltisbrúin), 1954-55 (LSÓ 212). Líkt og margar smærri myndir Sigurjóns ber þetta gíflíkan með sér að vera hugmynd að stærra verki. Myndin klýfur loftið eins og álf sem er að hefja sig til flugs. Sigurjón hafði í huga að gera stórt umhverfisverk byggt yfir þjóðveg þannig að bílar ækju undir það. Eigandi: Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Ljósmynd: Guðmundur Ingólfsson.



10. Klyfjapestur, 1959-63. Sogamýri, Reykjavík. Brons (LSÓ 1167). Í tilefni fimmtugsafmælis Sigurjóns árið 1958 pantaði Reykjavíkurborg verkið til uppsetningar á Hlemmtorgi, en Hlemmur var fyrrum áningarstaður hestalesta áður en þær héldu út úr bænum. Einnig var áætlað að setja þar upp vatnsþró í líkingu þeirrar sem þar stóð áður. Hætt var við þessi áform og var staðsetningunni breytt. *Klyfjapesturinn* var settur upp í Sogamýri árið 1966. *Folaldinu* frá árinu 1978 (LSÓ 1170) var bætt við tveimur áratugum síðar. *Klyfjapestur* er enn eitt dæmi um verk sem hefur verið tekið úr upphaflegu samhengi við umhverfið og sett upp á röngum stað. Við það glatar myndin staðbundnu inntaki sínu sem vísaði beint til sögu Reykjavíkur og var upphaflega merkingarlegur burðarás verksins. Ljósmynd: Anna Fjóra Gísladóttir.



Sigurjón Ólafsson myndhöggvari fæddist 1908 á Eyrarbakka og ólst þar upp. Að loknu iðnnámi í Reykjavík 1928 fór hann til náms í höggmyndalist við Konunglega Listaháskólann í Kaupmannahöfn. Hann hlaut margvíslegar viðurkenningar í Danmörku, meðal annars gullverðlaun Listaháskólans 1930 og Eckersberg verðlaunin 1939 fyrir andlitsmyndina *Móðir mín* og eru bronssteypur af því verki á þremur ríkislistasöfnum Norðurlanda. Á árunum 1941-44 gerði Sigurjón tvær stórar granítmyndir fyrir ráðshústorgið í Vejle í Danmörku sem vöktu mikla athygli. Eftir að Sigurjón sneri heim að stríði loknu var mikið sótt til hans af einstaklingum og félagasamtökum að móta andlitsmyndir og styttnar til að reisa á opinberum vettvangi. Einnig var leitað til hans að gera afstrakt verk til að skreyta byggingar og opin svæði.

Árið 1969 fól Landsvirkjun honum að gera lágmyndir á framhlið stöðvarhúss Búrfells-virkjunar og markar verkið tímamót í íslenskrí byggingalistasögu, bæði vegna þess að lista-verkið var hannað sem hluti af byggingunni frá upphafi, og einnig vegna aðferðarinnar sem notuð var við að móta lágmyndirnar beint í steypumótið. Sem portrettlistamaður stóðu fáir Sigurjóni á sporði, en hann var jafnframt talinn meðal fremstu myndhöggvara móðernismans á Norðurlöndum. Liðlega þrjá tugi listaverka eftir Sigurjón má sjá á opinberum stöðum, eða í alfaraleið.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar var stofnað af fjölskyldu listamannsins árið 1984 með listaverkagjöfum og telur listaverkæignin í dag á fjórða hundrað listaverka og teikninga. Safnið, sem er sjálfseignarstofnun, er til húsa í endurbýggðri vinnustofu Sigurjóns á Laugarnesi og var það opnað almenningi 21. október 1988. Þar eru til sýnis verk eftir Sigurjón og einnig eru haldnar gestasýningar. Vikulegir tónleikar yfir sumarmánuðina hafa verið haldnir frá upphafi og eru orðinn fastur liður í menningarlífi höfuðborgarinnar.

1.júní - 30. september. Opíð þriðjudaga til sunnudags kl. 14-17
1. október - 31. maí. Opíð laugardaga og sunnudaga kl. 14-17
Lokað í desember og janúar.

Ljósmyndasýning
© 2003 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, ljósmyndarar og Æsa Sigurjónsdóttir Laugarnestanga 70
105 Reykjavík
www.iso.is Iso@iso.is



11. Líflöngun. Af heilsufarsástæðum varð Sigurjón að hætta steinhöggi og snúa sér að öðum efnum svo sem tré og járn. Árið 1960 dvaldi hann sér til heilsubótar á Reykjalundi. Þar fékk hann ótakmarkaðan aðgang að járnsmiðjunni og vann með logsuðu og smiðajárn. Þarna veittist honum næði til að þróa áfram nýtt myndmál sem greina má upphaf að í verkinu *Kría* frá 1956-57 og *Ballet* frá 1957. Þótt *Líflöngun* beri augljós merki annarra verka sem Sigurjón vann að á þessum árum, til dæmis veggmyndinni *Allir í leik* (LSÓ 026), *Galdrastöfum* og öðrum lóðréttum standmyndum úr járn, þá túlkar myndin fyrst og fremst algildan einfaldleika og fögnuð barnateikningar, þar sem mannslíkamanum er þjappað saman í kúlu og strik, en höndin verður að þríforki. Frummyndin (LSÓ 226) var gerð úr gífsi og koparvírur en Erlingur Jónsson gerði af henni stækkun í ryðfrítt stál og var hún reist að Reykjalundi árið 1993 í minningu Odds Ólafssonar yfirlæknis (LSÓ 1172).
Ljósmynd: Anna Fjóra Gísladóttir.

12. Búrfellsvirkjun (LSÓ 1232). Framhlið stöðvarhúss Búrfellsvirkjunar við Sámstaðarmúla. 1966-69. Lágmyndir Sigurjóns á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar eru einstakt verk sem markar þáttaskil bæði í ferli Sigurjóns og í íslenskri byggingarlist. Þetta var í fysta sinn hér á landi sem myndhöggvari, arkitektar og verkfræðingar unnu saman að því að samhæfa myndlist og byggingarlist á þennan hátt. Verkið var unnið frá grunni sem hluti af byggingunni. Aðferðin sem Sigurjón þróaði var að sníða andhverfu myndanna í frauðplast sem síðan var fest inn í steypimót byggingarinnar. Þegar slegið var frá og plastið numið burt blasti verkið við fullmótað. Þessa aðferð átti Sigurjón síðan eftir að nota við gerð fleiri verka á áttunda áratugnum. Í Búrfells-myndunum endurnýtti Sigurjón ýmis eldri form svo sem hin ídeóplastísku form sem sóttu á hann alla tíð, ásamt lífrænum formum sem bæði flæða, fljóta og hefja sig til flugs. Í þessu verki er Sigurjón fyrst og fremst að fjalla um innri eigindir höggmynda- og byggingarlistar, það er yfirborð, hreyfingu, ljós og skugga og jafnvægi á milli jákvæðs og neikvæðs rúmtaks, fremur en að myndirnar hafi frásagnarlegt eða táknrænt inntak. Arkitektar hússins voru þeir Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson. Ljósmyndari óþekktur.

13. Hávaðatröllilið (LSÓ 1243). Árið 1967 gerði Sigurjón litla mynd úr blíkki (LSÓ 197) og setti upp á norðurgafli líkans af stöðvarhúsinu við Sámstaðarmúla sem hann var að vinna að. Síðar útfærði hann myndina í eik (LSÓ 1241) og smiðaði jafnframt 3,5 m háa standmynd úr kopar. Þetta var fyrsta efnismikla koparverkið sem Sigurjón vann og var það sett á stöpul við stöðvarhús Búrfellsvirkjunar. Ljósmyndari óþekktur.



14. Ólafur Thors (LSÓ 1240). Samtímis því að Sigurjón vann að því að fella myndmál sitt að móðernískri húsagerðarlist, þá hélt hann áfram að vinna að hefðbundnum standmyndum steyptum í brons. Hér hefur hann haft þekktu mynd Ólafs Magnússonar ljósmyndara af Ólafi Thors til hliðsjónar. Myndin var kostuð af Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík og var hún reist við suðurenda Tjarnarinnar árið 1968.
Ljósmynd: Hörður Danielsson

15. Holskefla. Í þessu verki fékkst Sigurjón við eitt af höfuðviðfangs-efnum sínum, jafnvægið. Í mörgum verkum sínum, allt frá *Fótboltamanninum* frá 1936 (LSÓ 004), einbeitti Sigurjón sér að því að finna hið vandfundna jafnvægi rýmis og efnis við aðstæður þar sem verkið hvílir aðeins á einum punkti. Þyngd verksins liggur öll öðrumegin og formin eru þanin til hins ýtrasta eins og alda sem er að brotna. Verkið var fyrst unnið í tré árið 1969 (LSÓ 1251), síðan í kopar (LSÓ 1262) og reist á háum steinsteypustöpli við Félagsheimilið Stapann, Ytri-Njarðvík, árið 1971.
Ljósmyndari óþekktur.

16. Íslandsmerki (Óðinn situr að taflí). Minnismerki um stofnun lýðveldis á Íslandi 1944. „*Íslandsmerki* er ... að mörgu leyti samþætting áratuga tilrauna með samspil forms, rýmis og efnis og sýnir okkur vel framsæja viðleitni listamannsins, uppleitna, lóðréttu tilhneigingu hans og hvernig hann tengir aðskilin form innan sama verks með láréttum áherslum sem jafnframt mynda hljómrænan hrynjanda verksins.“ [Auður Ólafsdóttir, 1994]. Forsaga verksins var sú að árið 1969 fól borgarráð Sigurjóni, að frumkvæði Þjóðhátíðarnefndar, að gera minnismerki í tilefni 25 ára afmælis lýðveldisins. Sigurjón gerði nokkrar smærri útgáfur af verkinu en sjálft *Íslandsmerki* (LSÓ 1278) var smiðað á árunum 1970-73. Listamaðurinn hugsaði sér að listaverkið stæði í stórrí vatnsþró og endurspegladist í vatnsborðinu. Ekki varð úr því og eftir nokkrar deilur um staðarval var verkið reist árið 1977 við Hagatorg í Reykjavík, fyrir framan Hótel Sögu. Það skemmdist mikið í fárviðri sem gekk yfir landið í febrúar 1991, en var styrkt og endurreist í nóvember 1999.
Ljósmynd: Anna Fjóra Gísladóttir.

17. Þrenning. Þegar Sigurjón vann að undirbúningi *Íslandsmerkis* þá gerði hann nokkrar myndir byggðar upp með þremur samstæðum súlum. Árið 1990 vann Erlingur Jónsson þriggja metra háa stækkun af *Þrenningu* (LSÓ 054) fyrir Garðabæ. Myndin var steypd í brons og reist við Garðaskóla sama ár.
Ljósmynd: Guðmundur Ingólfsson.

18. Öndvegissúlur úr kopar (LSÓ 1269) voru gerðar að ósk Reykjavíkurborgar og afhjúpaðar við Höfða 10. nóvember 1971. Verkið er nátengt stærri koparverkum Sigurjóns bæði *Hávaðatröllli* og *Íslandsmerki* og að þessu sinni var farið eftir tillögum Sigurjóns um hæð stöpul og staðsetningu. *Öndvegissúlur* eru gott dæmi um hvernig vel hefur tekist til um staðarval og umgjörð alla.
Ljósmynd: Guðmundur Ingólfsson.

19. Lágmyndir við Sundaborg. 1971-74. Í kjölfar lágmyndanna á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar fylgdu fleiri lágmyndir greiptar í steinsteypu. Hér er um að ræða fjórtán lágmyndir á fjórum húsum við Sundaborg við Kleppsveg í Reykjavík (LSÓ 1274). Eins og oft áður hefur Sigurjón í huga staðsetningu áhorfandans sem í þessu tilviki er á talsverðri hreyfingu þegar hann ekur fram hjá myndunum og er þessi hreyfing afgerandi afl í formsköpun myndanna. Formin hafa fyrst og fremst það hlutverk að lífga stóran dauðan flöt, en í þessu tilviki nær hlutverk myndanna lengra því þeim virðist ætlað að sætta áhorfandann við bygginguna sem byrgir útsýnið á þessum fallega stað við sundin. Arkitektar voru Ólafur Sigurðsson og Guðmundur Kr. Kristinsson.
Ljósmyndir: Kristján Pétur Guðnason og Jóhannes Long.

20. Ég bið að heilsa. Á áttunda áratugnum fór Sigurjón að vinna markvisst í frauðplast og var reynsla hans af gerð Búrfellssmyndanna hvati að nýjum tilraunum með þetta nútímalega, en um leið ógöfuga iðnaðarefni. Verkið var unnið beint í frauðplast á árunum 1973-74 (LSÓ 073), en bronsafsteypur eru í eigu Seðlabankans og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.
Ljósmynd: Mats Wibe Lund.

21. Ferrum, 1973-74. Verðlaunuð frumdrög úr rauðmáluðu frauðplasti (LSÓ 1284) að **útilistaverki** í Kópavogi í tilefni 1100 ára byggðar á Íslandi. Verkið átti að vera 5-6 metra hátt, útfært í corten-stál og standa beint á jörðinni þannig að hægt væri að ganga inn í það. Verkið sýnir að Sigurjón leitaði inn á nýjar brautir höggmyndalistar, vildi hverfa frá stöplinum og hinni framsæju sýn sem var ætíð áleitin í list hans, innlíma rýmisskynjun áhorfandans og gera hann að þátttakanda í verkinu.
Ljósmynd: Guðmundur Ingólfsson.



22. Lágmyndir á fjölbýlishúsum á áttunda áratugnum. Eftir reynslu Sigurjóns af vinnu við Búrfell og Sundaborg varð framhald á samstarfi hans við arkitekta og hann var fenginn til að gera skreytingar á útvegi nýbygginga. Í öllum þessum veggmyndum er Sigurjón fyrst og fremst að skapa hreyfingu á dauðum fleti og gefa steinsteypunni líf með markvissri beitingu ljóss og skugga. Dæmi um þessar skreytingar er að finna á fjölbýlishúsum við Síðumúla 20 (LSÓ 1354) og Espigerði 2 í Reykjavík (LSÓ 1285), Engihjalla 3 og 11 í Kópavogi (LSÓ 1303 og LSÓ 1304).
Ljósmyndir: Guðmundur Ingólfsson og Anna Fjóra Gísladóttir.
Texti: Æsa Sigurjónsdóttir

Heimildir:
Aðalsteinn Ingólfsson og Lise Funder, *Sigurjón Ólafsson. Ævi og list I og II*, sýningarskrá, Reykjavík 1998 og 1999.
Auður Ólafsdóttir, *Íslandsmerki og súlur Sigurjóns Ólafssonar*, Reykjavík 1994.
Auður Ólafsdóttir, „*Myndir í fjalli. Lágmyndir Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara á framhlið stöðvarhúss Búrfellsvirkjunar, 1966-69*“, Árbók LSÓ 1991 og 1992, Reykjavík 1992.
Björn Th. Björnsson, *Íslensk myndlist á 19. og 20. öld II*, Reykjavík 1973.
Sólveig Georgsdóttir, „*Saltfiskstöflun - veggmynd án veggjar*“, Árbók LSÓ 1991 og 1992, Reykjavík 1992.

